

Norðfirðingur



3. tbl. 36. árg

www.nordfirdingafelagid.is

2010

Munið !

Miðbæjarganga

Þann 25. september.

Gönguferð um gamla miðbæinn frá Hljómskálanum kl. 10.30.

Tónlistarkvöld

Þann 8. október á skemmtistaðnum Spot.

Menningarkvöld

Þann 18. nóvember í Fella- og Hólakirkju Kl. 20.00

Bænastund

Þann 20. desember kl. 17.00 í Fella- og Hólakirkju með Sr. Svavari Stefánssyni

Útsýnisskífan afhent !

Þann 30.júlí s.l. kl. 15.00 afhenti Norðfirðingafélagið í Reykjavík Fjarðabyggð til eignar útsýnisskífu sem er staðsett á svonefndum Götuhjalla fyrir utan Norðfjarðarvita. Það er von Norðfirðingafélagsins að útsýnisskífan eigi eftir að standa um ókomin ár og leiðbeina gangandi gestum um hin ýmsu örnefni í fjallahringnum sem er umgjörðin um okkar fallega fjörð.



Vígsla skifunnar. Synir Herberts A. Jónssonar, þeir Tryggvi Þór, Stefán Þór og Víðir Þór. Lengst til hægri er Hólmfríður G. Guðjónsdóttir

Í fréttabréfinu Bls.

Frá stjórn	2
Hollvinasamtökin	2
Viðey	3
Múlaþing	4
Dagskrá	4



Efri röð f.v. Birgir D. Sveinsson, Stefán Þór Herbertsson, Víðir Þór Herbertsson, Gisli Gíslason, Tryggvi Þór Herbertsson, Gunnar Karl Guðmundsson, Ína D. Gísladóttir. Hálfán Haraldsson, Jón Karlsson og Hólmfríður G. Guðjónsdóttir. Neðri röð f.v. Ólafur Hauksson, Hjörleifur Guttormsson og Jakob V. Hálfánarson.



Frá stjórn Norðfirðingafélagsins



Gísli Gíslason

Útsýnisskífan

Þann 30.júlí s.l. kl. 15.00 afhenti Norðfirðingafélagið Fjarðabyggð til eignar útsýnisskífu sem staðsett er á svonefndum Götuhjalla fyrir utan Norðfjarðarvita. Athöfnin hófst með því að Jón Bjarnason og Konráð A Ottósson léku nokkur lög á harmonikku, Gísli Gíslason formaður Norðfirðingafélagsins flutti stutta tölu um starfsemi félagsins. Hólmfríður G. Guðjónsdóttir fjallaði um tildrög þessarar gjafar og um undirbúning verkefnisins. Því næst afhjúpuðu synir Herberts, þeir Stefán Þór, Tryggvi Þór og Víðir Þór skífuna. Hólmfríður afhenti gjafabréf til Fjarðabyggðar þar sem skífan er formlega gefin bænum. Gjafabréfið er ritað á kort með mynd eftir Tryggva Ólafsson. Helga Jónsdóttir bæjarstýra Fjarðabyggðar hélt svo stutta tölu og þakkaði fyrir gjöfina.

Forsaga að þessari gjöf er í stuttu máli sú að synir Herberts A. Jónssonar gáfu að honum látnum Norðfirðingafélaginu íbúð hans að Hafnarbraut 54. Félagið leigði íbúðina út í nokkur ár en svo var í samráði við þá bræður ákveðið að selja íbúðina. Jafnframt var ákveðið að gefa gjöf til Norðfjarðar til minningar um Herbert og höfðinglega gjöf þeirra bræðra. Eftir nokkra hugstormun var ákveðið að ráðast í að gera útsýnisskífu sem staðsett skyldi utan Norðfjarðarvita. Útsýnisskífunni var fundinn staður á svonefndum Götuhjalla. Það var Jakob V. Hálfánarson sem gerði skífuna, en við skráningu örnefna var leitað í smíðju þeirra Hálfáns Haraldssonar frá Kirkjumel, Hjörleifs Guttormssonar, náttúrufræðings og fyrrverandi Alþingismanns sem og Inu D. Gísladóttir frá Seldal. Öll unnu þau ómetanlegt starf við að skrásetja hin ýmu kennileiti. Undirstaða skífunnar var hönnuð af Norðfirðingunum Kolbeini Arasyni og Ólafi Haukssyni. Félagið þakkar þeim fyrir vel unnið starf. Við uppsetningu á skífunni og undirstöðunni fékk félagið aðstoð fjölda heimamanna. Fjarðanet gaf keðju þá er umlykur undirstöðuna. Félagið færir þeim öllum bestu þakkir. Síðast en ekki síst þá er ekki hægt að ljúka þessu öðruvísi en þakka Hólmfríði G. Guðjónsdóttur, en hún hefur lagt mikla og óeigingjarna vinnu í þetta verkefni.

Það er von Norðfirðingafélagsins að útsýnisskífan eigi eftir að standa um ókomin ár og leiðbeina gangandi gestum um hin ýmsu örnefni í fjallahringnum sem er umgjörðin um okkar fallega fjörð.

Starfsemi Norðfirðingafélagsins

Það er ákaflega ánægjulegt að áfram heldur sú góða mæting sem verið hefur á viðburði félagsins. Þannig voru yfir 50 manns sem mættu í vörgöngu félagsins sem var í eindæma veðurbliðu í Viðey. Gangan hófst með því að siglt var út í Viðey og Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leikkona og staðarhaldari bauð Norðfirðinga velkomna. Hún upplýsti að hún væri sjálf ættuð frá Fáskrúðsfirði og ætti því trúlega ættingja í hópnum. Hún hélt svo tölu um Viðey og sagði frá hinum ýmsu gönguleiðum. Gestir gengu svo hver á sínum forsendum um Eyjuna. Það kom í ljós að sá sem sigldi bátnum til og frá Viðey var frá Borgarfirði eystri en eigandi bátsins er fyrirtæki í eigu norðfirðingsins Grétars Sveinssonar.

Á Sjómannadagskaffi félagsins komu samtals um 100 manns. Ekki var eiginleg dagskrá á Sjómannadagskaffinu, heldur tilgangurinn að Norðfirðingar í Reykjavík myndu hittast til að sýna sig og sjá aðra á þessum degi sem var og er einn mesti hátíðisdagur í firðinum okkar.

Þá er komið að haustdagskrá Norðfirðingafélagsins. Það var ákveðið að seinka haustgöngu félagsins um viku og verður gangan haldin þann 25. september í stað 18. september. Þetta helgast m.a. af því að þann dag gat Norðfirðingafélagið fengið Rögnu Ólafsdóttir sem leiðsögumann, en hún er Norðfirðingur í húð og hár. Þann 8. október er svo tónlistar og pubbakvöld félagsins í umsjón Bjarna Freys Ágústssonar og hljómsveitarinnar Mono. Þessi viðburður er á skemmtistaðnum SPOT í Kópavogi og er degi fyrr en skráð á almanaki félagsins. Það helgast af því að Mono fékk 8. október en ekki 9. október á skemmtistaðnum. Það er skýr stefna félagsins að halda sig við settar dagsetningar á dagatalinu, en allar góðar reglur eiga sér undantekningar. Þann 18. nóvember er svo Menningarkvöld félagsins. Það er verið að skoða hvaða dagskrá verði. Það hafa komið hugmyndir að fjalla um tónlistarmennina Inga T. Lárusson og Harald Guðmundsson en það verður auglýst síðar. Allar góðar ábendingar eru vel þegnar. Þann 20. desember er svo árleg bænastund með Sr. Svavari Stefánssyni. Bænastund þessi var fyrst haldin þegar 30 ár voru liðin frá snjóflóðunum í Neskaupstað. Það er ætlunin að skoða hvort Norðfirðingar vilji taka beinan þátt í bænastundinni í haust og til dæmis segja reynslusögu frá þessum tíma.



Hollvinasamtök FSN

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað (FSN) hefur verið mikilvægur hlekkur í samfélaginu í Neskaupstað og á Austurlandi allt frá stofnun árið 1957.

Hollvinasamtök FSN voru stofnuð í tengslum við fjölþætta starfsemi og til að gæta hagsmuna FSN og standa vörð um framtíðarsýn stofnunarinnar. Með málefnalegri umræðu taka hollvinasamtök forystu um velferð og hagsmuni meðal almennings.

Hollvinasamtökin veita FSN margvíslegan stuðning, þ.m.t. fjárhagslegan. Það er full ástæða til að hvetja þá sem vilja styrkja gott málefni að styrkja Hollvinasamtök FSN og er bent á heimasíðu samtakanna:

www.sjukrahusfn.is/hollvinir/



Í veðurblíðu í Viðey



Hluti af hópnum sem kom í göngu Norðfirðingafélagsins í Viðey laugardaginn 16. maí 2010.



F.v. Helgi Geir Valdimarsson, Rúnar Björnsson, Grétar Jónsson og Einar Steingrímsson



Fremst má sjá f.v. Elinbjörgu Stefánsdóttir og Þórarinn Smára. Bakvið hann er Jón Sigurðsson og Jóhann Auðunsson.

Nýir félagsmenn.

Þetta fréttabréf er sent félagsmönnum en einnig til annarra Norðfirðinga, sem stjórninni var bent á.

Það eru um 370 Norðfirðingar skráðir í félagið. Félagsmönnum hefur fjölgað og það hefur verið vaxandi mæting á viðburði félagsins. Það er von stjórnar að þessi þróun haldi áfram.

Nýir félagar eru ávallt velkomnir. Hægt er að skrá sig í félagið á heimasíðu félagsins, nordfirdingafelagid.is



Hjónin Fjóla Guðjónsdóttir og Þorsteinn Sigurðsson í Viðey. Fjóla er af Pétursættinni og Þorsteinn Sigurðsson af Ekrættinni.



Haldið heim frá Viðey. Hólmgeir Þór Jóhannsson snýr baki í lunninguna.

Samúðarkort

Rósa
Skarphéðinsdóttir
selur samúðarkort frá
Norðfjarðarkirkju

Sími 477 1415
GSM 860 3556



Múlaping

Í 37. hefti hins austfirska Múlapingis sem kom út í sumar er ýmislegur fróðleikur og nokkuð sem tengist Norðfirði.

Þar er fjallað fornleifarannsóknir í Norðfirði. Þar fjallar einnig Ingvar Gíslason fyrrverandi Menntamálaráðherra frá Bjargi í Norðfirði um minningar um horfna byggð þ.e innsta hluta byggðarinnar í Neskaupstað, eins og Bjarg, Naustahvamm og fleiri bæi. Fróðleg lesning um liðna tíð í Neskaupstað.

Hægt er að kaupa eða gerast áskrifandi að Múlapingi hjá Jóhanni G. Gunnarssyni joigutt@simnet.is, s. 471-2881.



Ingvar Gíslason frá Bjargi í Norðfirði, fyrrverandi Alþingismaður og Menntamálaráðherra

Útgefandi: Norðfirðingafélagið
www.nordfirdingafelagid.is

Stjórn:
Gísli Gíslason: 8980991
Hólmfríður G. Guðjónsdóttir: 6648235
Birna Hilmarisdóttir: 8628510
Þorsteinn Sigurðsson: 8221709
Gunnar K. Guðmundsson: 8583260
Jón Karlsson: 8966378
Hákon Aðalsteinsson: 8607015
Birgir D. Sveinsson: 8629431
Íris Másdóttir: 8673278
Bjarni Freyr Ágústsson: 8640264
Birna Sævarsdóttir: 8625578
Vilmundur Tryggvason: 8498910
Örn Óskarsson: 8973290
Jón Gunnarsson: 8403093

Miðbæjarganga

Verður 25. september. Gönguferð um gamla miðbæinn frá Hljómskálanum kl. 10.30. Leiðsögumaður verður Norðfirðingurinn Ragna Ólafsdóttir. Nánari upplýsingar gefur Birna Sævarsdóttir. (ath auglýst þann 18. sept á dagatali félagsins)

Tónlistarkvöld

Verður 8. október á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi og hefst kl. 22.00. Það verðu hljómsveitin Mono sem heldur uppi stuðinu. Nánari upplýsingar gefur Bjarni Freyr Ágústsson (Ath auglýst 9. október á dagatali félagsins)

Meningarkvöld

Verður 18. nóvember í Fella- og Hólakirkju Kl. 20.00

Upplýsingar gefa Gísli Gíslason og Birgir D. Sveinsson

Laugardagskaffi

Munið fyrsta laugardag í mánuði hittast Norðfirðingar í morgunkaffi á Kaffitári í Kringlunni kl. 9:30 í umsjón Jóns Karlssonar og Hákon Aðalsteinssonar.

Bænastund

Þann 20. desember kl. 17.00 í Fella- og Hólakirkju með Sr. Svavari Stefánssyni og hefst kl. 17.00

Nánari upplýsingar gefur Þorsteinn Sigurðsson

Norðfirðingafélagið heldur úti heimasíðunni nordfirdingafelagid.is. Þar eru settar inn allar tilkynningar um viðburði á vegum félagsins. Stjórnin hvetur félagsmenn til að senda efni á heimasíðuna, hvort sem það er efni tengt Norðfirði eða Austurlandi. Hægt er að fá lykilorð og setja inn efni en einnig er hægt að senda á vefstjóra á tölvupóstfangið steini@hafro.is, sem svo kemur efninu á heimasíðuna.